

Vatnaskil fyrir vestan

Repúblikanar hafa ráðið lögum Rog lofum í Bandaríkjunum síðan 1994, þegar þeir náðu meiri hluta í báðum deildum Bandaríkjaþings. Demókratinn Bill Clinton hafði þá verið forseti í tvö ár, og repúblikanar snerust gegn honum og málstað hans af mikilli hörku og reyndu án árangurs að bola honum frá völdum fyrir það eitt að segja ósatt um einkamál. Atlagan kom ýmsum á óvart, því að Clinton átti ýmislegt sammerkt með repúblikönun; hann er til dæmis hlynntur dauðarefsingu. Aðförin að Clinton var að því er virðist öðrum þræði hefnd fyrir ófarir Nixons forseta, en hann hafði neyðzt til að segja af sér embætti 1974, því að ella hefði þingið vikið honum úr embætti fyrir alvarleg afbrot. Nixon varð uppvis að því að hafa lagt á ráðin um innbrot til að komast yfir skjöl og koma fyrir hlerunarbúnaði (!) í skrifstofum demókrata í Watergate-byggingunni í Washington og hylma yfir með innbrotshjófnum og hindra framgang réttvísinnar. Barry Goldwater, virtur öldunga-deildarþingmaður repúblikana um langt árabíl og forsetaframbjóðandi þeirra 1964, lýsti Nixon flokksbróður sínum sem óforbetranlegum lygara. Munurinn á atlögum gegn Nixon og Clinton er sá, að helztu leiðtogar repúblikana á þingi stóðu með demókrötum að uppreisninni gegn Nixon, en repúblikanar réðust gegn Clinton upp á sitt eindæmi af annarlegum ástæðum og í andstöðu við alla demókrata á þingi.

Leiðslurnar eru stundum langar í stjórnmálum. Kveikjan að veldi repúblikana á Bandaríkjaþingi síðan 1994 er líklega breytingin, sem varð á landslagi stjórnmálanna í suðurríkjunum, þegar aðskilnaðarstefnunni þar var hrundið í for-



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Úrslit þingkosninganna í Bandaríkjunum

setaði demókratans Lyndons B. Johnson þrjátíu árum áður með lýðrættindalögum 1964. Þessi lög tóku fyrir mismunun eftir kynþætti, þjóðerni og kynferði og tryggðu blökkumönnum sama rétt og hvítum fyrir lögum. Nú var ekki lengur hægt að meina svertingjum aðgang að skólum, strætisvögnum eða veitingahúsum svo sem tíðkæpt hafði um suðurríkin allar götur fram að því, jafnvel í höfuðborginni Washington. Hundrað árum áður hafði repúblikaninn Abraham Lincoln sem forseti beitt sér fyrir afnámi þrælshalds gegn vilja demókrata í suðurríkjunum og haft sigur 1865, svo að blökkumenn þar suður frá og annars staðar um landið tortryggðu demókrata lengi eftir það. Með lýðrættindalögum 1964 snerist dæmið við. Langflestir blökkumenn hafa æ síðan stutt demókrata í kosningum, og gamlir fordómar gegn blökkufólki, og þeir eru lífseigir í suðurríkjunum, færðust yfir í raðir repúblikana. Arthur Miller, leikskáldið, lýsti þessu vel fyrir nokkrum árum, þegar hann sagðist enga rökræna skýringu geta fundið á hylðjúpri andúð margra repúblikana á Clinton forseta aðra en þá, að Clinton væri í reyndinni fyrsti blökkuforseti Bandaríkjanna.

Við þessa landslagsbreytingu bættist það, að ýmsir guðsmenn tóku að hasla sér völl á stjórnmálavettvangi og skipuðu sér margir í raðir repúblikana. Markmiðið var að laða trúaða kjósendur, sem ella hefðu setið hjá, til fylgis við repúblikana í guðs nafni með því að lofa færri fóstureyðingum og þess háttar. Repúblikanar hafa þó ekki gert neitt til að fækka fóstureyðingum, enda hefur fjöldi fóstureyðinga staðið í stað miðað við fólksfjölda síðan 1994, heldur hafa þeir aðallega notað stuðning grunlausra kjósenda til að létta skattbyrði auðmanna og ráðast inn í Írak á upplögnum forsendum. Thomas Frank lýsir þessu vel í bók sinni *What's the Matter with Kansas? How Conservatives Won the Heart of America* (2004). Að því hlaut að koma, að kjósendur sæju í gegn um blekkingarnar.

Og nú er ballinu að ljúka. Demókratar hafa nú aftur náð meiri hluta í fulltrúadeild Bandaríkjaþings og trúlega einnig í öldunga-deildinni, og þeir geta því sett Bush forseta stólinn fyrir dyrnar þau tvö ár, sem eftir eru af kjörtímabili hans. Demókratar geta þá beitt þingstyrk sínum til að láta rannsaka meint misferli ríkisstjórnar Bush í Íraksstríðinu og annars staðar. Bandarísk lög leyfa þinginu að rannsaka mál sem þetta og búa málsgögn í hendur ákærvaldinu. Án þessarar löggjafar hefði líklega ekki verið hægt að koma lögum yfir Nixon forseta á sínum tíma. Alþingi þyrfti að setja Íslandi sams konar lög, svo að hægt sé að komast til botns í mikilvægum álitamálum hér heima, til dæmis um meintar ólöglegar hleranir. Leyndin verður að víkja. Saga Íslands verður að vera rétt skráð.